

þegi lýsir yfir því, að hann óski eftir að vera leystur frá þjónustuskyldu, eða ef hann hverfur frá námi, fellur lánið allt í gjalddaga, og skulu þá greiðast af því almennir víxilvextir frá lántökudegi.

9. gr.

Ráðuneytið lætur gera skuldabréf, og skulu á það prentaðir skilmálar þeir, sem lánþegi gengst undir. Lánþegar skulu setja tryggingu fyrir lánunum, sem ráðuneytið metur gilda.

10. gr.

Heimilt er að fela bankastofnun útborgun lána, bókhald, innheimtu og eftirlit með greiðslum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Tímamörk þau um umsóknarfrest og lánsúthlutun, sem sett eru í reglugerð þessari, má færa til, þegar veitt eru lán úr sjóðnum árið 1966.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 13. gr. læknaSKIPUNARLAGA nr. 43/1965, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. marz 1966.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

AUGLÝSING**varðandi gin- og klaufaveiki.**

Vegna þess að gin- og klaufaveikifaraldur geisar nú í ýmsum löndum á meginlandi Evrópu, vill landbúnaðarráðuneytið enn á ný vekja athygli yfirvalda og almennings á því, að stranglega ber að fylgja reglum laga nr. 11 1928, um varnir gegn gin- og klaufaveiki.

Tekið skal fram, að samkvæmt téðum lögum og auglýsingu þessari er bannaður með öllu innflutningur á heyi, hálm, alidýraáburði, sláturafurðum hvers konar, húðum, mjólk og mjólkurafurðum sem og eggjum.

Stórgripahúðir, sem nota þarf við togveidjar hér við land, má þó flytja inn, enda hafi þær sannanlega verið sótthreinsaðar erlendis.

Enn fremur er bannaður innflutningur á lifandi jurtum, trjám, trjágreinum og könglum, grænmeti og hvers konar garðávöxtum.

Farþegar og áhafnir faratækja skulu að viðlögðum drengskap gefa yfirlýsingu um dvöl sína erlendis, strax og þau koma til Íslands.

Brot á lögum nr. 11 1928 og auglýsingum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. marz 1966.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.